Ed. **84. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Tölul. II. í 2. gr. laganna orðist þannig:

Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Af upphæð þessari greiðast kr. 666666.67 á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 1. janúar 1938, eftirstöðvar af skuld fiskveiðasjóðs við Den danske Landsmandsbank í Kaupmannahöfn, nú að upphæð d. kr. 666666.67.

Afganginn, kr. 333333.33, greiðir ríkissjóður, eftir nánara samkomulagi við stjórn sjóðsins.

2. gr.

a. Í stað „50 rúmlesta" í a-lið 4. gr. laganna komi: 150 rúmlesta.

b. B-liður sömu gr. orðist þannig: Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fisk-

veiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅗ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að 7/10 virðingarverðs.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 12 ár og hámarkslán út á eitt skip, með eða án aukatrygginga, 48 þúsund krónur.

4. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b-lið 4. gr., má lána allt að ⅖ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 35 þúsund krónur.

5. gr.

7. gr. laganna skal orða svo:

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu vera 5% — fimm af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna ½% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

6. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

11. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 13. gr., skal orða svo:

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 14. gr., skal orða svo:

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda) greiðist af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Á eftir 16. gr. laganna, sem verður 14. gr., kemur ný (15.) gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eftir því sem við á.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal meginmál þeirra fellt inn í lög nr. 46 19. maí 1930 og þau síðan gefin út, svo breytt, sem lög frá Alþingi.

Greinargerð.

Sú skipun, sem nú er á fiskveiðasjóði Íslands, var gerð með lögum nr. 46 19. maí 1930, og var til þess ætlazt, að sjóðurinn yrði efldur mjög hratt. Samkvæmt þeim lögum ber ríkissjóði að leggja sjóðnum eina milljón kr., er greiðast skyldi að fullu fyrir 1. júní 1941, og var síðar með reglugerð ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera 100000 kr. á ári frá því árið 1930. Auk þess var sjóðnum ákveðið lítið brot úr hundraðshluta af gjaldi af útfluttum sjávarafurðum, eða ⅛%, sem ekki virtist geta numið nema litlu til eflingar sjóðnum, þar sem það var aðeins ⅓ hluti þess gjalds til hins opinbera, sem greitt var þá af þessum afurðum. Á þeim sjö árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru sett, hefir fiskveiðasjóður fengið beint frá útgerðinni, vegna þess ákvæðis, er hér um ræðir, um 330 þúsund krónur, og gefur það nokkra bendingu um, hversu fljótt hefði mátt gera fiskveiðasjóð sterka lánsstofnun, ef fallizt hefði verið á að láta helming útflutningsgjalds sjávarafurða renna til hans í nokkur ár, meðan tækt þótti að halda þeirri gjaldskyldu óbreyttri frá því, sem var 1930. Ríkissjóður hefir enn ekkert lagt af mörkum til sjóðsins samkvæmt lögunum frá 1930. Hinsvegar var tekið lán handa sjóðnum í Danmörku með ábyrgð ríkissjóðs, og nema vextir og afborganir af því á ári um 120 þús. kr.

Þegar sjóðurinn þannig verður að starfa með dýru lánsfé, er ekki von til þess, að hann geti vel fullnægt hlutverki sínu. Þetta hefir löngu verið ljóst, og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar af Alþingi á undanförnum árum til þess að efla sjóðinn.

Á fimm undanförnum þingum hafa sjálfstæðismenn borið fram frumvörp til eflingar fiskveiðasjóðnum. Og á Alþ. 1935 komu fram, auk frumvarps sjálfstæðismanna, sitt frumvarpið frá hvorum, framsóknarflokks- og alþýðuflokksmönnum.

Skal nú drepið á þær helztu leiðir, sjóðnum til eflingar, sem á hefir verið bent í nefndum frumvörpum.

Í frumvörpum sjálfstæðismanna hefir jafnan verið lagt til sem aðalráðstöfun, að ríkið taki að sér að greiða eftirstöðvar láns þess, er tekið var í Landmandsbankanum danska handa sjóðnum. Á þann hátt myndi ríkið geta fullnægt að nokkru leyti ákvæðum laganna frá 1930 um þennan sjóð.

Þá fóru tillögur sjálfstæðismanna fram á, að helmingur útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum rynni í sjóðinn, unz hann væri orðinn styrk lánsstofnun. En þá var stefnt að því um leið, að sjóðurinn yrði með tímanum fær um að standa undir endurnýjun fiskiskipastóls landsmanna yfirleitt, að togurum meðtöldum.

Frumvarp alþýðuflokksmanna frá þinginu 1935 og frumvarp framsóknarflokksmanna frá sama þingi, um starfsemi þessa sjóðs, lögðu höfuðáherzluna á það að auka heimild þá, sem er í lögum sjóðsins, til útgáfu handhafavaxtabréfa með ábyrgð ríkissjóðs. Var í báðum þessum frumvörpum lagt til að tvöfalda heimildarupphæðina úr einni og hálfri milljón upp í þrjár milljónir kr.

Í frumvarpi alþýðuflokksmanna var auk þess lagt til, að hundraðshluti ræktunarsjóðs af útfluttum afurðum rynni í fiskveiðasjóð, þegar þetta tillag til ræktunarsjóðs hefði náð vissri upphæð.

Hér hefir aðeins verið minnzt á þær hliðar þessara frumvarpa allra, sem snúa að fjáröflunarleiðum fiskveiðasjóði til handa. En auk þess höfðu þau öll inni að halda ýms önnur ákvæði um breytingar á lánsskilyrðum og útfærslu á starfssviði sjóðsins.

Ætti það, sem að framan segir, að vera nægilegt til að sýna fram á, hve mjög þörfin fyrir umbætur á þessari stofnun hefir gert vart við sig undanfarin ár.

Um álit sjóðsstjórnarinnar (bankastjórnar Útvegsbankans) má vísa til eftirfarandi útdráttar úr bréfi hennar til Alþingis um þetta mál, sem prentaður var með greinargerð fyrir frumvarpi sjálfstæðismanna á síðasta þingi. Í bréfinu segir svo:

„Það verður naumast hjá því komizt að auka starfsfé fiskveiðasjóðs áður en langt um líður, ef sjóðurinn á ekki að draga mjög tilfinnanlega úr lánveitingum á næstunni frá því, sem verið hefir síðastliðin 5 ár.

Vér vitum að vísu, að erfiðleikar eru á greiðslum úr ríkissjóði, en vér teljum það hina mestu nauðsyn að auka fjármagn sjóðsins. Vér teljum því rétt, að hv. sjávarútvegsnefnd beini sérstaklega athygli sinni að því að auka starfsfé sjóðsins, eins og raunar er sameiginlegt með þessum frumvörpum, þótt það komi fram á mismunandi hátt, og viljum vænta, að nefndinni takist að finna til þess heppilegar leiðir."

Sjóðsstjórnin andmælir mjög ákveðið, að sú leið sé farin að auka starfsfé sjóðsins með lántökum. Um þetta atriði segir sjóðsstjórnin m. a.:

„Hefir hér að framan verið bent á það, að lántökur handa sjóðnum, er hann ætti sjálfur að standa undir, sé varhugaverð leið til þess að auka útlán sjóðsins. Ef ríkið tæki að sér að greiða sjálft danska lánið, mundi það auka starfsfé sjóðsins sem svaraði afborgunum og vaxtagreiðslu, en sú fjárhæð er nú liðlega 120000 krónur árlega. Lítið eitt hærri fjárhæð en hið árlega tillag, sem ríkissjóði var ætlað að greiða í fiskveiðasjóð samkvæmt lögunum frá 1930, en ekki hefir verið gert."

Nú hefir svo skipazt, að afnumið hefir verið útflutningsgjaldið af saltfiski, og eru mjög háværar kröfur um það meðal útvegsmanna, að afnema beri með öllu útflutningsgjald til ríkissjóðs af sjávarafurðum, hverju nafni sem nefnast. Sýnist margt mæla með því, að til þess hljóti að draga fyrr eða síðar. Eins og nú er komið hag útvegsins, er ekki heldur líklegt, að hann geti staðið undir sérstöku gjaldi svo nokkru nemi til fiskveiðasjóðs, og virðist því ekki rétt að halda þeirri kröfu fram, eins og nú horfir við.

Flutningsmenn þessa frumvarps, sem teljast til þriggja stærstu flokka þingsins, hafa á hinn bóginn orðið ásáttir um að fara þá aðalleið til eflingar sjóðnum, sem sjálfstæðismenn hafa bent á í frumvörpum sínum, þá, að sjóðurinn fái i umferð, til viðbótarlánveitinga árlega úr sjóðnum, þá upphæð, sem nú verður hann að greiða í afborganir og vexti af danska láninu.

Flutningsmenn telja ekki heppilega þá leið, að afla fiskveiðasjóði fjár með útgáfu handhafavaxtabréfa frekar en orðið er.

Í samræmi við þann tilgang frv. að öðru leyti, að létta undir með þeim, er lán þurfa að fá úr fiskveiðasjóði, er lagt til, að ákvæði 7. gr. laganna falli niður. Það heimilar stjórn fiskveiðasjóðs að leggja árlega ¼% aukagjald á lán hvert, er renni í sjóð, hliðstæðan varasjóði, og var þeim sjóði ætlað að bæta fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kynni að biða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Þetta var á sínum tíma talið að myndi nægja til þess að sjóðurinn gæti lánað gegn veði einungis í skipum án fasteignatryggingar. Reyndin hefir samt sem áður orðið sú, að sjóðurinn hefir ekki séð sér annað fært en að halda upptekinni venju og krefjast áframhaldandi fasteignaveðs sem aukatryggingar, þegar hann hefir veitt lán út á skip.

Rétt þykir að breyta til muna ákvæðum 4. gr. laganna, um það, hve stór skip megi fá lán úr sjóðnum. Mjög tvísýnn hagur er að því að hafa slík ákvæði þröng. Tvímælalaust er það hentugra, að þeir, er byggja vilja skip og fá lán úr sjóðnum, hafi sem fyllstan ákvörðunarrétt um stærð skipanna, innan skynsamlegra takmarka. Til þess að verksvið sjóðsins haldist í hendur við auknar framfarir í fiskiðnaði, hverskonar sem eru, virðist og rétt að breyta orðalagi b-liðs 4. gr. laganna, eins og gert er með frumvarpinu. Þá er og rýmkuð heimild um lánsfjárhæð út á ný skip, ef líka fylgir aukatrygging í fasteign eða öðru, sem tryggingarhæft er. Ennfremur er ákvæði um það, að lána megi hæsta upphæð hlutfallslega, miðað við virðingarverð, út á þau skip, sem smíðuð eru hér á landi, og er þetta til að styðja innlenda skipasmíði.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að ákvæði 8. gr. laganna, um skyldu til að leggja fé í varasjóð, falli niður. Varasjóður fiskveiðasjóðs mun nú nema um 150 þús. kr. Með þeirri tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði framvegis, að fiskveiðasjóður hætti að starfa með lánsfé, myndi varasjóði þeim, sem nú er til, einnig verða varið til útlána.

Loks má geta um vextina. Þeir eru nú 6%, auk þess sem hver lántakandi skal

greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að vextir lækki niður í 5%, og að 1% lántökugjaldið verði alveg fellt niður, auk þess sem lagt er til, að ¼% árlegt aukagjald í tryggingarsjóð sé látið hverfa. Er með þessu stefnt að töluverðum létti fyrir viðskiptamenn fiskveiðasjóðs.